



## Fundur háskólaráðs 19. mars 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 15.03.2001 09:04:08

Dags: 19.03.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)

v/Suðurgötu

101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Fax: 552 1331

4/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, mánudaginn 19. mars var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit yfir deildarforseta og varadeildarforseta frá 1. júlí 2001 – 30. júní 2004.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lögð fram drög að reglum um Háskólaútgáfuna. Ákveðið að taka málið strax til afgreiðslu og voru reglurnar samþykktar einróma.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Nám í arkitektúr við Háskóla Íslands.

Fyrir fundinum lá minnisblað um fyrirhugað nám í arkitektúr við Háskóla Íslands og bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 19. mars 2001. Háskólaráð samþykkir að fela rektor að hefja lokaundirbúning að því að bjóða upp á nám í arkitektúr við Háskólann. Meðal annars verði ráðinn verkefnisstjóri til að vinna að málinu. Samþykkt einróma.

- 3.2 Umsögn fjármálanefndar um nám í fornleifafræði.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðu álitni nefndarinnar á tillögu um nám í fornleifafræði við Háskóla Íslands, dags. 19. mars 2001. Málið var rætt. Ákveðið var að starfshópurinn sem samdi álitnið um nám í fornleifafræði fjalli um kostnaðinn við námið í ljósi umsagnar fjármálanefndar. Jafnframt verði málið tekið upp í viðræðum sem fyrirhugaðar eru við menntamálaráðuneytið um kennslusamninginn.

- 3.3 Endurskoðun á samningi Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um kennslu. Reynsla og áhersluatriði í endurskoðun.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir minnisblaði fjármálanefndar um atriði til athugunar vegna væntanlegra viðræðna Háskóla Íslands við menntamálaráðuneytið vegna endurskoðunar á samningi um fjármögnun kennslu, dags. 19. mars 2001. Háskólaráð samþykkir einróma að óska eftir endurskoðun á samningi um fjármögnun kennslu milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands.

- 3.4 Skipting fjárveitinga á árinu 2000.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðu yfirliti fjármálanefndar um skiptingu fjárveitinga á árinu 2000, dags. 19. mars 2001.

Málið var rætt ítarlega.

Guðmundur G. Haraldsson gerði grein fyrir ýmsum sjónarmiðum um hlut sameiginlegrar stjórnsýslu og stjórnsýslu deilda í skiptingu heildarfjárveitingar. Tillaga fjármálanefndar um skiptingu fjárveitinga á árinu 2000 var samþykkt samhljóða.

Guðmundur G. Haraldsson bar fram eftirfarandi tillögu: “Rektor skipi starfshóp sem

verði falið að kanna og gera tillögur um hvernig haga eigi skiptingu fjárveitinga vegna sameiginlegrar stjórnsýslu Háskólans og stjórnsýslu í deildum.” Samþykkt samhljóða.

3.5 Nefndir háskólaráðs. Hlutverk þeirra, sbr. gögn háskólaráðs 15. febrúar s.l.

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir nefndir háskólaráðs og erindisbréf þeirra. Rektor gerði grein fyrir yfirlitinu.

#### **4. Önnur mál**

4.1 Rektor bar fram tillögu um að stofnuð verði starfsnefnd til að fylgja eftir samþykkt háskólaráðs um húsnæðis- og skipulagsmál Háskólans frá 12. mars s.l. Samþykkt einhljóða.

Rektor lagði til að nefndin verði skipuð Sigurði Brynjólfssyni, Stefáni Ólafssyni, Stefáni B. Sigurðssyni, Dagný Jónsdóttur, Guðrúnu Björnsdóttur, Ingjaldi Hannibalssyni, Herði Sigurðstssyni og Oddný Sverrisdóttur. Samþykkt samróma.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 16:50